

16. febr. **30** hafnarlegu, skal afhenda stjórn félagsins, og er það skilyrði fyrir því, að endurgreiðslan verði látin af hendi. Ekki geta önnur skip en þau, sem lagt er trygglega fyrir festum á öruggum stað, eða við bryggjur þar sem þau mega teljast örugg að dómi trúnaðarmanna félagsins, orðið aðnjótandi endurgreiðslu iðgjaldsins fyrir hafnarlegu.

Hafi skip orðið fyrir tjóni, sem bætt verður af váttryggingarfélagins hálfu, og sem fer fram úr helmingi greidds ársiðgjalds, fellur öll endurgreiðslan niður það tryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni, sem er minna en helmingur ársiðgjaldsins, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meir en svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari ekki fram úr helmingi ársiðgjaldsins.

18. gr.

Til hafnar- og/eða uppsátursáhættu telst eigi sá tími, sem skip liggur í höfn, eða stendur á landi til viðgerðar á tjóni, sem bæta skal af váttryggjendum.

19. gr.

Nú flyzt skip með váttryggingu sína milli félaga, og skal félag það, sem tryggingunni sleppir, fella niður iðgjald fyrir þann tíma, sem eftir er af tryggingarárinu, miðað við þann dag, sem viðtakandi félag tók við tryggingunni.

Skip eru ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau standa uppi, en fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið er í iðgjalda-skránni.

20. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að leyfa skipi, sem váttryggt er í félaginu, siglingu utan þeirra takmarka, sem í váttryggingarskírteininu greinir, en hafi það, að dómi félagsstjórnarinnar, aukna áhættu í för með sér, greiðir váttryggður aukagjald, sem félagsstjórnin ákveður í samráði við Samábyrgð Íslands í hvert sinn. Samkvæmt 30. gr. laga nr. 61 frá 31. maí 1947 ákveðast iðgjöld í hinum fjórum váttryggingarflokkum, svo sem segir í 12. og 16. gr. reglugerðar þessarar, og er ráðuneytið henni að öðru leyti samþykkt. Gildir iðgjaldaákvörðun þessi frá 1. janúar 1948.

Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um þetta efni.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

31

AUGLÝSING

17. febr.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski og hraðfrystum fiski skal vera kr. 2.00 fyrir hver 100 kg, og af fiski upp úr salti og fullverkuðum saltfiski kr. 1.20 fyrir hver 100 kg, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til ársloka 1948.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. febrúar 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.